

Aðsendar tillögur

til Byggðastofnunar fyrir stefnumótandi byggðaáætlun 2017 – 2023.

1. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Innanlandsflugið til Keflavíkur

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Dreifa ferðamönnum betur um landið og draga úr ofvexti á suðvesturlandi

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Með því að bjóða upp á innanlandsflug frá Keflavíkurflugvelli er markvisst hægt að markaðsetja fleiri landshluta til ferðamanna og koma þeim fyrr lengra út á land sem styrkir atvinnustarfsemi á landsbyggðinni til muna.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

1. Prófa að hefja flug á milli helstu flugvalla, eins og Akureyri og Egilsstaða, beint frá keflavík og markaðsetja ferðir erlendisfrá beint þangað. Huga verður að því að innviðir verða að vera til staðar til að taka við auknum ferðamannafjölda sumarið 2017. Sjá hvernig slíkur rekstur gengur og skoða í framhaldi hvort slíkt sé arðbært

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Samgöngustofa, ISAVIA. flugfélög á Íslandi

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Ferðaþjónustuaðilar á norður og austurlandi, flugfélög.

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Sætanýting á flugvélum á milli AK og KEF annarsvegar og hinsvegar EG og KEF

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

Hefur ekki verið gert áður að mér skilst.

2. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Stofnun Sjóður til fjárfestinga í félöru/fyrirtækjum á landsbyggðinni.

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Að skapa umgjörð fyrir ný fyrirtæki á landsbyggðinni með því að leggja til fjármagn (hlutafé) svo verkefni sem þau hafa unnið að og eru kominn á framkvæmdar stig nái fram að ganga.

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Svona sjóður gæti hjálpað nýjum fyrirtækjum á landsbyggðinni við að ná markmiðum sínum um lágmarks hlutafé sem lánveitendur gera kröfu um við mat á nýjum fyrirtækjum á Landsbyggðinni.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Ég sé fyrir mér að svona sjóður gæti brúað bilið við fjármögnun á nýjum fyrirtækjum á landsbyggðinni um allt að 30 til 50 % af því hlutafé sem þarf.

Metið yrði af þar til bærum aðilum hvort verkefnið sé arðbært (raunhæft) og í framhaldi af því ákveðið hvort eða hvað mikið sjóðurinn myndi leggja til sem hlutafé.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Í öllum landshlutum eru atvinnuþróunarfélög sem vinna að mörgum góðum þróunarverkefnum með nýjum félögu, þetta eru oft verkefni sem hafa verið í vinnslu í nokkur ár en þegar kemur að fjármögnun slíkra félaga þá nær vinna þróunarfélagana ekki lengra og mjög mörg góð verkefni lognast út af þar sem ekki fæst nægt fjármagn (hlutafé) til að koma verkefnum af stað. fyrir ný fyrirtæki sem leita eftir

fjármagni hjá fjárfestum á höfumborgarsvæðinu er útkomann svo til enginn. Því tel ég að þróunarfélög á landsbyggðinni eigi að vera ábyrgðaraðili á innleiðingu slíks sjóðs í samstarfi við Ríkið.

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Samstarfaðillar ættu að vera Ríkið, sveitarfélör, lífeyrissjóðir, bankar og fjárfestar.

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Árangur ætti að mælast með tilkomu fjölda nýrra arðbærra fyrirtækja á Landsbyggðinni.

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

Sjálfu vann ég í fjögur ár með þróunarfélagi Austurlands, Alcoa og HVE Verktökum ehf við verkefni að setja upp Kapitalverksmiðju á Seyðisfyrði sem myndi fullvinna álvíra frá Alcoa Reyðarfirði, verkefnið lofaði mjög góðu með góða arðsemi eða um 20 - 30 % á þriðja ári, nýsköpun með fyrstu alvöru úrvinnslu á áli á Íslandi, allt unnið í góðu samstarfi við nærsamfélagi og stofnanir á Austurland, en þegar kom að fjármögnun verkefnisins þá náðist að fjármagna um 65 % hér fyrir austan en enginn áhugi hjá fjárfestum á höfuðborgarsvæðinu að setja fjármagn í nýtt fyrirtæki út á landi, eins hef ég heyrt af mörgum öðrum góðum verkefnum sem eins hefur farið fyrir.

3. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Skjalageymsla á Ísafirði

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaaætlunar leiðir tillagan?

Koma upp góðri skjalageymslu á Ísafirði

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Koma upp skjala geymslu fyrir fyrirtæki, einstaklinga og stofnanir á Ísafirði

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Byggja ca 3.000- fermetra skjala geymslu með aðstöðu fyrir vinnslu skjala og annara vörslumuna. Bygging tæki ca 1 ár. Síðan kæmu viðskiptavinir geymslunnar á næstu árum.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Ég er tilbúinn að standa fyrir stofnun fyrirtækis um verkefnið

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Fyrirtæki, sveitafélög og ráðuneyti fyrir hönd þjóðskjalavarðar

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Nú þegar er mikil skortur á góðum skjalageymslum á landinu. Æskilegt er að dreifa áhættu á geymslu skjala með því að hafa skjalageymslur á fleirri stöðum en sv horninu.

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

Nú þegar þurfa sveitarfélög og stofnanir að geyma skjöl í 30 ár fyrirtæki bókhaldsskjöl í 7 ár.

Því er ljóst að þörf fyrir skjalageymslu vex á næstu árum.

Með góðri skjala geymslu á Ísafirði, þá er hægt að fá ríkisskjöl vestur og um leið skapast góð aðstaða fyrir skjöl sveitarfélaga, stofnanna, fyrirtækja og einstaklinga sem eru á svæðinu.

Ásamt því að skapa vinnu fyrir sérhæft fólk sem nú þegar er á svæðinu.

4. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Fara að alþjóðalögum

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Halda öllu landinu í byggð

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Fara að lögum, atvinna fyrir alla, höldum landinu í byggð

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Þetta er hægt að gera strax.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Alþingi

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

landsmenn

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Með lögum skal land byggja

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

Ég gerði á sínum tíma ritgerð um "Gæðamál í Sjávarútvegi" þar sem ferlið frá því að veiða var tekið fyrir þar til fiskurinn (sjávarafurðir) er(eru) kominn á borð neytenda. (frá 1987) Kerfið og útfærsla þess var bæði ósanngjarnt og hefur skipt þjóðinni. Þetta hefur skilað verulegum árangri. (hefur skilað hundruðum milljarða) Hins vegar tel ég í dag að kerfið í Færeyjum sé mun hagkvæmara, en þetta með frjálsar veiðar (að ákveðnu marki) mundi skila bæði hagkvæmni og jafna kjör landsmanna. Vandamálið var að fjárfesting í útgerðatækjum ss. skipum var um 1/3 of mikil.

5. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Vegamál

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Samgöngum

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Það þarf að bæta vegasamgöngur út um sveitirnar og hugsa betur um vegina á landsbyggðinni.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

T.d. væri hægt að hafa ALLTAF einhversstaðar jarðgangnagerð til að auðvelda samgöngur.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Samgöngumálaráðherra

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Vegagerðin

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Keyra um landið, svo einfalt er það.

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

Nú í haust ætla t.d. 3 aðilar að bregða búi í Strandbyggð vegna lélegra samgangna.

6. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Búvöru samningar notaðir til að efla byggð

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Að fjármunum búvöru samningsins yrði deilt á öll lögbýli sem ársbúseta er þarf að ákveða stærðlögbýlisþannig að lóðir skráðar sem lögbýli fái ekki einnig þarf að tryggja að viðkomandi sé með lögheimili á viðgangi býli. Þá fengju öll býli sama stuðning, frá ríkinu, gætu framleitt það sem þau vildu eða verið í ferðaþjónustu, enn yrðu landverðir viðkomandi jarða.

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Byggð um allt landið, þar sem öll lögbýli landsins fengju stuðning.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Koma þessu inn í nýjan búvörusamning strax.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Ríkistjórn Íslands.

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Byggðastofnun Bændasamtökin, Landgræðslan og fleiri og fleiri.

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Kæmi strax í ljós í Mælingum ef gert yrði

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

Hefur ekki verið reynt hér á landi áður enn er full ástæða til að skoða.

7. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Saurbær Biogas.

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Fullnýtingu lífræns úrgans til orkuframleiðslu við gerjun.

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Markmiðið er að hreinsa allan dýraúrgang frá bændum hringinn í kringum landið, sækja hann heim að húsi og flytja í gerjunarstöð. Blanda þennan úrgang við annan lífrænan úrgang frá þéttbýli. Blanda dýra/plankton/svif úr sjó í þessa gerjunarblöndu. Bakteríur frá jóturdýrum, kýr og kindur, er hér lykillinn að þessari gerjun.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

A. Val á staðsetningu, umsókn um starfsleyfi, skipulag verkþátta, val á vélum og búnaði, tekur ca 1 ár. Það er hægt að fá gerjunarstöðina í pakkausn og tæki uppsetningin 3 til 4 mánuði fyrir hverja stöð, sem gætu orðið ca 12 til 24 á landinu öllu.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Ég er búinn að vinna með þessa hugmynd í 15 ár og vil vera sá sem ber ábyrgð á málinu og leiði það áfram, stig af stigi með aðstoð þeirra sem ég sjálfur vel.

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Öll sveitarfélög landsins, samatök bænda í hreppum og sýslum landsins, Byggðastofnun og Endurvinnslan.

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Framleiðsla á iðnaðargasi mælt í rúmmetrum og framleiðsla á áburði, þurr og fljótandi. Ætlað heildarmagn í umferð af úrgangi öllum, ca 1.5 milljón tonn inn í biogasstöð. Verða ca 7.5 milljón m³ af iðnaðargasi til áburðar og orkuframleiðslu. CA, 100.000.- tonn af áburði, semipurr.

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

Ég hef í gegnum árin safnað saman miklu efni um þetta mál, fékk á sínum tíma 500.000.- króna styrk til frumrannsókna úr pokasjóði, er með gögn frá dönskum og þýskum ráðgjafafyrirtækum auk þess frá VSO ráðgjöf, um biogasstöðvar af öllum stærðum og gerðum. Tel í dag rússnenska lausn ódýrasta sem er pakkalausn. Þessi hugmynd er fyrir allt landið, öll sveitarfélög og er viðskiptahugmynd til að leysa komandi vandamál, orkan frá biogasstöðvum á að nota til að hlaða rafhlöður bíla, véla og tækja almennt, 12v, 24v, í nánustu framtíð. Mikið magn af lífrænum áburði verður til sem að hluta fer aftur til bændanna og í landgræðslu og skógrækt.

8. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Félagsheimili/skólar/: Ferðapjónustumiðstöð.

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaaætlunar leiðir tillagan?

Að fullnýtingu eigna sveitarfélaga og ríkisins í þjónustu fyrir ferðamenn á landsvísu. Atvinna í byggð.

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Markmiðið er að fullnýta félagsheimili í sveitarfélögum landsins og skóla sem hafa verið lagðir niður og gera að ánigastöðum fyrir ferðapjónustu hringinn í kring um landið. Ávinningurinn er fullnýting, sparnaður, atvinna og kynning á sveitarfélaginu sem á og rekur félagsheimilið eða skólann.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Það þarf að sameina rekstur félagsheimila undir stjórn ferðapjónustu á landsvísu, hringinn í kring um landið og búa til einn staðal fyrir öll þeirra.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Öll sveitarfélög landsins og yfirstjórn ferðapjónustu á Íslandi.

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Bændur í sveitarfélagunum, sóknarnefndir, ungmennafélög, matur frá býli og fleiri sem vilja kynningu á starfsemi sinni í sveitarfélagum, hringin í kring um landið.

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Árangur af verkefninu verður eðlileg dreifing ferðafólks í sveitarfélögin með auknum tekjum innan þeirra.

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

Tóm og eyðileg félagsheimili hringinn í kring um landið er sógun á verðmætum eignum sveitarfélaga, sem þarf að blása nýju lífi í, tafarlaust, öllum til gagns.

9. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Styrking strandveiðikerfis

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaaætlunar leiðir tillagan?

Tillagan styrkir byggð í sjávarþorpum allt í kringum landið

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Marmið tillögunnar miðar að því að nýta þá staðbundnu þekkingu og auðlyndir sem fyrir finnast í sjávarþorpum allt í kringum landið. Aukinn afli sem tekinn yrði í gegnum strandveiðikerfið myndi auka arðsemi veiðanna og hvetja til frekari þátttöku. Þannig myndi byggð styrkjast á veikum svæðum.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Á ekki við

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Sjávarútvegsráðherra

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

10. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Reykjavík - borg fyrir alla

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Mig langar að sjá gífurlega uppbyggingu í Vatnsmýrinni þegar við verðum blessunarlega laus við flugvöllinn.

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Það þarf að fara í aðgerðir sem sjá til þess að ungt fólk geti eignast húsnæði í kringum (20-25 ára). Byggja upp fallegt og skemmtilegt hverfi í Vatnsmýrinni sem myndi henta háskólafólki einstaklega vel. Gera Reykjavík að líflegri og skemmtilegri borg þar sem íbúar eru ekki bara fastir upp í úthverfunum og sjá til þess að túristar taki ekki yfir borgina og geri hana að óspennandi túristagildru með uppblásnu verðlagi.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Svona verkskipulag krefst langtímasjónarmiðs í stað tækifærismennsku og fljótfærni, sem einkennir oft íslenska starfshætti. Fyrsti áfanginn er að losna við flugvöllinn, byggja smátt og smátt upp hverfi þar sem myndast ákveðinn kjarni. Þetta hverfi gæti verið umhverfisvænt og sérstaklega hannað með reiðhjól og gangandi vegfarendur í huga. Það tekur örugglega alveg í minnsta kosti 5 ár að mynda hverfi og smátt og smátt myndi annar miðbæjarkjarni myndast, uppfullur af ungu fólki sem getur notið góðs af hvoru öðru. Seinna meira mætti síðan fara í það að byggja upp veitingahús, bari, kaffihús og þá gæti myndast hinn nýi miðbær, hliðstætt hinum gamla. Mig langar einnig að benda á að þrátt fyrir að mikið pláss sé að finna þarna þegar flugvöllurinn fer, þá gefst einnig tækifæri til þess að byggja brýr til dæmis yfir að Kársnesinu og einnig yfir að Álftanesinu. Þannig væri hægt að stækka Reykjavík enn frekar og gera hana að blómlegri og skemmtilegri borg sem tengist víða og bíður upp á margar skemmtilegar og mismunandi leiðir. Þetta er auðvitað langtímasjónarmið og myndi ekki gerast á einum degi, en ávinningurinn að mínu mati væri miklu skemmtilegri höfuðborg og tækifæri fyrir ungt fólk að búa nálægt háskólunum í líflegu umhverfi.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Mér þætti betra ef ríkið skipti sér minna af reglugerðum og leyfði einkaaðilum að byggja upp íbúðir sem henta ungu fólki.

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Háskólarnir, ríkið,

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Það færi sennilega hratt minnkandi umferð í Reykjavík, betri loftgæði, meiri lífsánægja á meðal ungs fólks.

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

11. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

European Rural Parliament

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Tillagan leiðir til þess að þeir aðilar sem koma að byggðaáætlun fylgist og taki þátt í umræðu um byggðaþróun í Evrópu

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Með því að Byggðastofnun sendi fulltrúa á European Rural Parliament - ERP, sem haldið er annað hvert ár, gefst starfsmönnum tækifæri á að fylgjast með þróun og vilja íbúa Evrópu hvað varðar byggðaþróun.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Verkþættir eru að taka þátt í undirbúningsvinnu með samtökunum Landsbyggðin lífi á Íslandi og mæta með fulltrúum samtakana á European Rural Parliament annað hvert ár.

Helstu verkþættir væru að halda fundi í hverjum landshluta þar sem áherslur íbúa dreyfbýlis yrðu ræddar. Niðurstöður úr þessum fundum yrðu grunnur að skýrslu Íslands til ERP.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Landsbyggðin lífi í samstarfi við Byggðastofnun. Fjármagn til verkefnisins þyrfti að vera tryggt.

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Landsbyggðin lífi og verkefnisstjórn European Rural Parliament. Við hjá Landsbyggðin lífi erum búin að ræða þetta verkefni við ráðherra byggðamála en verkefnisstjórn ERP leitar eftir því að Ísland taki þátt. Landsbyggðin lífi hefur tekið það verkefni að s

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Með því að mæta á European Rural Parliament og eiga rödd þar.

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

Á heimasíðu ERP er hægt að lesa Manifesto frá þinginu árið 2015. Þar undir er íslensk þýðing á stefnuyfirlýsingu þingsins.

Heimasíða ERP: <http://europeanruralparliament.com/>

12. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Bætt búsetuskilyrði í litlum byggðarlögum

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Leið til búsetubóta í litlum byggðarlögum.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Aðsendar tillögur um áherslu eða aðgerð fyrir byggðaáætlun

Teknar verði upp staðbundnar strandveiðar í stað svæðisbundinna aflaheimilda. Skip rói frá heimahöfn og landi þar. Eigandi skips sé búsettur í sveitarfélaginu.

Byggð með 100 íbúa fær 100 tonn

Byggð með 200 íbúa fær 150 tonn

Byggð með 400 íbúa fær 200 tonn

Byggð með 800 íbúa ofl fær 400 tonn

Sveitarfélög með fleiri þéttbýlisstöðum ráði sjálf skiptingu, fái hæst 500 tonn.

Óveiddur afli flytjist ekki á milli ára.

Makrílveiðar á króka verði öllum heimilar alls staðar - enginn kvóti.

Veiðitími maí til september alla daga.

Veiðiheimildir milli byggðarlaga eru ekki framseljanlegar.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Aukin umsvif í höfnum í byggðarlögum með undir 800 íbúum. Fjölgun starfa í veiðum og vinnslu í minni sjávarbyggðum.

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

13. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Byggðakvóti

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Að stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Að byggðarkvóta verðu úthlutað til 10 ára í senn

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Byggðarkvóta verði úthlutað til byggðarlaga til lengri tíma svo hægt sé að byggja upp

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Verkefnastjórn

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

14. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Skattalækkun

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Að jafna lífskjör

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Lægri skatta á stöðum sem sem eiga undir högg að sækja

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Skattaafsláttur í boði fyrir fólk og fyrirtæki sem vildu setja sig niður á landsbyggðinni

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Alþingi

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Hið opinbera

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Sæist í fjölgun fólks og fyrirtækja

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

15. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Fluglæknaþjónusta/bráðaðþjónusta

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Opinber þjónusta, hringinn í kring um landið.

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Fluglæknaþjónusta/bráðaðþjónusta á að ná til allra landsmanna og erlendra gesti okkar á innan við 20 mínútum, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland, Austurland og Suðurland að Selfossi. Fluglæknaþjónustan notar þylur í þjónustuhlutverki sínu, bíla og skip.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Fyrsti verkþáttur er val á bækistöfum hringinn í kring um landið í tengslum við heilsugæslustöð eða héraðssjúkrahús, á fyrstu mánuðum í einum áfanga á fyrsta ári.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Flugstjórinn, Landlæknir, og fyrirtæki í þylurekstri á Íslandi.

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Hjúkrunarkonur, heimilislæknar, björgunarsveitir, lögregla og vegaeftirlit. Samtök sveitarfélaga. Bændur og sjómenn. Ríkistjórn Íslands.

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Árangurinn kemur í ljós þegar ánægðir íbúar landsins og gestir okkar segja frá öryggis og þjónustuhlutverki þjónustunnar fyrir fólk sem býr út um landið og erlenda gesti okkar í hringferð um Ísland sem munu bera út þjónustuhlutverkið og öryggistilfinninguna við að búa og ferðast um landið.

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

Flugstjórinn vann við svona þjónustu í Grænlandi og Malasíu/Borneo. Svipuð þjónusta er veitt í Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi, Danmörku, Frakklandi, Ítalíu og víðar. Næsti samstarfsaðili verður Norsk Luftambulance. Fluglækna og bráðaðþjónusta Noregs, eign Norska ríkið.

16. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Kafbátar til fiskveiða og fiskeldis.

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Trygg atvinna við fiskveiðar og fiskeldi, hringinn í kring um landið.

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Kafbáturinn kemur í staðinn fyrir botntrollið, gengur fyrir rafmagni og er þannig vistvænn. Rotar fisk með rafstuði. Framleiðir fiskeldisfóður fyrir lirfur fiska á mjög krítisku stigi frá kviðpokastigi til sjálfsnæringar seiða. Hver kafbátur framleiðir um 20 milljónir seiða sem síðar verða 20 milljón kíló á ári í 3 ár sem þá verða 60 milljón kíló. Kafbáturinn fangar eigin framleiðslu og geymir lifandi í þartilgerðum búrum á hafsbotni. Seldur lifandi samkvæmt pöntun.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Verkþættir eru hönnun, smíði, skipulag, útfærsla, val á svæðum og sveitarfélögum fyrir starfsemina, allt að 3 ár fram að móttöku frjógvaðara hrogna.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Skipstjórinn, sveitarfélög á Íslandi, Hafrannsóknarstofnun, Byggðastofnun, Ríkistjórn Íslands.

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Framleiðendur kafbáta í Japan, Kína, Rússlandi, Evrópu.

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Árangurinn verður framleiðsla á veiðikvóta fyrir öll sveitarfélög landins og veiði á þeim kvóta/veiðiheimildir fyrir kafbáta og strandveiðiflotann.

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

Enskur framleiðandi kafbáta segir kafbátinn tilbúinn til fiskveiða og fiskeldis.

17. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Norðurljósaleið,; til Kína, S Kórea, Japan.

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaaætlunar leiðir tillagan?

Að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu. Jafna lífskjör á landinu. Stuðlar að sjálfbærri þróun byggðalaga.

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Markmiðið er að tengja Akureyri við Peking og Egilsstaði við Shanghai í Kína og Seoul, S Kórea og Tokyo og Nagoja í Japan. Flutningur á farþegum og vörum með umstöflun á Íslandi í flugvélar frá USA, Kanada um Ísland og tengjast Asíu með millilendingu í Yakursk í Sakíu. Farþegar og vörur.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Helstu verkþættir eru að undirbúa íbúana og fyrirtæki undir komu ferðamanna til Íslands frá Asíu, undirbúa flugleiðina áður en flugrekstur getur hafist. Um 6 mánuðir í undirbúning um umskipun ferðamanna og vöru á milli flugvéla sem fara norður annars vegar og suður hins, um Norðurpól, flugleið með Ísland í miðju vegar í, "stopp over", fyrir farþega og vörur í, "transit".

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Flugstjórinn, Ferðaþjónustan, Sjávarútvegur, Landbúnaður. Hótel og gistiheimili, Ferðaskrifstofur. Sveitarfélögin, á Vesturland, Vestfirðir, Norðurland, Austurland og Suðurland að Selfossi.

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

ISAVIA, Ríkisstjórn Sakíu og flugvöllurinn Yakursk, til eldsneytistöku, umskipunar á farþegum og vörum, auk vöruviðskipta. Borgarstjórn Peking og Shanghai. Air Canada, Air Greenland, China Air, ANA Japan, Korean Air, Air Atlanda.

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Árangurinn mælist í auknum straumi ferðamanna og vöruviðskipti á milli Asíu yfir til Íslands, á Íslandi og áfram til USA og Canada, Japan, S Kóreu, Kína og Sakía.

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

Það eru fáir sem sjá heiminn, horft á Norðurheimskautið, og línu dregna frá Íslandi yfir til Kína, um Sakíu nýlegt lýðveldi og Síberíu, hluti af Rússlandi. Með millilendingu í Sakíu til umskipunar, verlsunar og eldsneytistöku verður til ný og einstök flugleið, þar sem Norðurljós lýsa leiðina að nóttu. Gögn og rannsóknir frá Boeing fyrir flugvélar með tvær afluvar. Opinberar upplýsingar frá Ríkisstjórn Sakíu.

18. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Beingreiðslur á breiðari grunni

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Að stuðla að fjölbreyttari landbúnaði

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Öflugri innlend framleiðsla, fjölbreyttari innlend framleiðsla, færri kolefnisspor

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Beingreiðslur í landbúnaði séu óháðar framleiðsluvöru. Að bændur geti notað land sitt til þess að framleiða það sem þeir vilja en séu ekki bundnir framleiðslu á lambakjöti. Bændur eigi jafnan kost á beingreiðslum miðað við það land og/eða magn sem framleitt er óháð framleiðsluvöru, hvort um sé að ræða kjöt eða grænmeti.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Fjölbreyttari landbúnaðir, meiri nýsköpun, öflugri byggð

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

19. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Þriggja fasa rafmagn í dreifbýli

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Efling byggðar og fjölbreyttari atvinnu

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Að veita íbúum í dreifbýli aðgang að þriggja fasa rafmagn. Það styður við byggð og atvinnusköpun í dreifbýli.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Að gert verði alvöru áttak í innleiðingu á þriggja fasa rafmagn í dreifbýli. Þriggja fasa rafmagn er algjör frum forsenda á fjölbreyttu atvinnulífi í dreifbýli. Einfasa rafmagn heldur dreifbýlinu í fjötrum einhæfs atvinnulífs.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

RARIK

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

RARIK

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu
Fjölbreyttara atvinnulíf í dreifbýli.

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

20. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Ljósleiðari

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Efling byggðar, fjölbreyttara atvinnulíf

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Lagning ljósleiðara í dreifbýli til þess að allir landsmenn hafi aðgang að háhraða neti.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Að klárað verði að leggja ljósleiðara um allt land

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

21. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Innanlandsflug skilgreint sem almenningssamgöngur

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Að tengja saman byggðir landsins

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Að tengja saman byggðir landsins, öflugri og ódýrari samgöngur.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Innanlandflug verði skilgreint sem almenningssamgöngur

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

22. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Nýsköpunarmiðstöð landbúnaðarins

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Að stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Að efla nýsköpun í landbúnaði með stofnun nýsköpunarmiðstöðvar landbúnaðarins. Þar sem fólk í landbúnaði geti fengið verkefnum sínum brautargengi með fjármagni og sérfræðiaðstoð. Hætt verði að veita smáum og tilviljanakenndum styrjum til verkefna en þess í stað verði komið á fót alvöru stofnun sem heldur utan um fjármögnun og framkvæmd verkefna. Stofnunin verði samræðu- og rannsóknarvettvangur fyrir aðila í landbúnaði.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Kallaðir verði saman ólíkir aðilar til þess að stofna miðstöðina. Ríkið veiti rannsóknarfjármagni til miðstöðvarinnar.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Rannís, Matís

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Rannís, Matís

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Fjölbreyttari landbúnaður.

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

23. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Hvatning til heimaframleiðslu matvæla

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaaætlunar leiðir tillagan?

Að stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Ríkið hvetji bændur til að fara í heimaframleiðslu og markaðssetningu á matvælum með því að rýmka reglur til heimaframleiðslu. Þannig geta mjólkurframleiðendur, sauðfjárbændur, grænmetisbændur og aðrir bændur framleitt og markaðssett sínar eigin afurðir með auðveldurm hætti. Sett verði á fót hvetjandi kerfi í samstarfi við fagaðila í framleiðslu og markaðssetningu.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Sett verði á fót hvetjandi kerfi til þess að opna þessa leið fyrir bændum

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Matís

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Matís

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

24. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Jafna aðtöðu til náms

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaaætlunar leiðir tillagan?

Hún á við alla liðina þó séri lagi fyrstu þrjá

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Það kostar fjölskyldu sem býr þar sem ekki er framhaldsskóli 2 milljónum meira að koma barni sínu í gegnum framhaldsskóla, en þær fjölskyldur sem eru í nábýli við framhaldsskóla. Skortur á heimavist á Selfossi takmarkar mjög möguleika nemenda sem ekki eiga kost á að keyra til og frá skóla til framhaldsnáms. Í dag er nemendum úr Vík boðið upp á algerlega ófullnægjandi aðstöðu. Bræður héðan búa saman í herbergi og greiða fyrir herbergið 136.000 á mánuði. Jafnrétti til náms á að vera ein af grunnstoðum hvers samfélags.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

1. Bygging heimavistar á Selfossi. Þarf að vera tilbúin næsta haust. Verkefninu er ekki hægt að áfangaskipta.
2. Auka þarf stuðning við fjölskyldur þar sem ekki er framhaldsskóli

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Hér ætti að segja Menntamálaráðuneytið, en ég veit að þar á bæ er nánast enginn áhugi á þessu verkefni

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Byggðastofnun

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Með lægri kostnaði fyrir nemendur og aukinni skólaskókn

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

Tillagan skýrir sig sjálf

25. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Niðurgreiðsla á rafmagni og flutningskostnaði til grænmetisbænda

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

að stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Markmiðið er að efla fjölbreytta grænmetis- og ávaxtarækt um allt land. Gefa bændum kost á að framleiða vörur sínar óháð staðsetningu á landinu og óháð fjarlægð frá markaði.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Grænmetis- og ávaxtabændur eigi rétt á niðurgreiðslu á flutningskostnaði á frumframleiðslu á markað hvar sem er á Íslandi. Þetta ætti bæði við um úti- og innirækt. Niðurgreiðslan gæti lækkað í þrepum eftir árum og leiða þannig til sjálfbærni. Þetta mundi efla grænmetisrækt á svæðum sem eru fjarri mörkuðum en henta þó vel til framleiðslu vegna landgæða. Grænmetis- og ávaxtabændur fá jafnframt niðurgreiðslu á raforku til ylræktar sem og vegna reksturs á kæligeymslum.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

RARIK, MAST, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

RARIK, MAST, Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Öflugri grænmetis- og ávaxtaræktun um allt land. Fjölbreyttari landbúnaður. Öflugri byggð. Heilnæmari matvæli á disk landsmanna.

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

26. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Bættar hafnaraðstæður í Þorlákshöfn

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Í raun má líta svo á að tillagan taki á öllum meginmarkmiðum byggðaáætlunar að einhverju leyti. Bættar hafnaraðstæður í Þorlákshöfn opna fyrir þann möguleika að reglubundnar siglingar verði með vörur milli Þorlákshafnar og Evrópu með ódýrari og skilvirkari hætti en nú býðst á Íslandi. Slíkt er til hagsbóta fyrir allar byggðir landsins.

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Ætlunin er að endurbæta Þorlákshöfn þannig að hún geti tekið á móti allt að 180 m. löngum skipum. Markmiðið er að koma á vikulegum ferjusiglingum milli Þorlákshafnar og Evrópu sem leiða mun til lægri flutningskostnaðar og verður bylting í ferksvöruflutningum til og frá landinu á sjó. Framkvæmdin kemur til með stuðla að fjölbreyttri atvinnuuppbyggingu utan höfuðborgarsvæðisins.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Verkefnið hófst árið 2015 með dýpkunarframkvæmdum. Árin 2016 og 2017 verður dýpkunarframkvæmdum haldið áfram auk þess sem innra rými hafnar verður stækkað og innsigling víkkuð. Fjármagn til þessara framkvæmda hefur verið tryggt en fjármagn til viðlegukanta hefur ekki verið tryggt og þar með er tímasetning þeirrar framkvæmdar í óvissu. Mikilvægt er að þessi áfangi verður tímasettur hið fyrsta svo framkvæmdin teyfist ekki en nýir og endurbættir viðlegukantar eru nauðsynlegur hluti verkefnisins.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Siglingasvið Vegagerðarinnar og hafnarstjórn Þorlákshafnar.

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Vegagerðin, SASS, Sveitarfélagið Ölfus og önnur sveitarfélög á Suðurlandi. Auk þess eru fyrirtæki í flutningastarfsemi og framleiðslu áhugasöm fyrir staðsetningunni og verkefninu.

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Árangur af verkefninu má mæla með ýmsum hætti, s.s. útflutt magn ferskrar matvöru og annarra vöruflokka um höfnina. Mannfjöldapróun á landinu öllu en þó sérstaklega á Suðurlandi er einnig mælikvarði til skoðunar.

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

Engar opinberar upplýsingar, gögn eða rannsóknir hafa verið birtar vegna tillögunnar. Verkefnið er unnið í samvinnu Vegagerðar og Þorlákshafnar og staðfest er að verkefnið er þegar farið að skila árangri.

27. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Jöfnun á verði eldsneytis fyrir millilandaflugs

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Að jafna tækifæri allra landsmanna til þjónustu og að jafna lífskjör alls staðar á landinu og að stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um allt land.

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Ávinningur af jöfnu eldsneytisverði um allt land er að koma í veg fyrir skakka samkeppnisstöðu mismunandi alþjóðaflugvalla landsins, sem ræðst af staðsetningu. Ríkið er búið að stofna flugþróunarsjóð til þess að efla millilandaflug um Akureyri og Egilsstaði og fráleitt að sá stuðningur fari í að greiða fyrir mismun á eldsneytisverði - þar með hverfur hvatinn sem sjóðnum er ætlað að skapa.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Hér þarf til lagabreytingu fyrir flutningsjöfnun olíuvara og mögulega einnig samþykki eftirlitsstofnunar Evrópu. (Nú þegar er vinna í gangi um að fá reglur Flugþróunarsjóðsins samþykktar á þeim bæ og því upplagt að láta þetta fylgja með...) Skoða þarf hvernig heppilegast er að útfæra þetta, en líklega einfaldast að leggja lágt gjald á það eldsneyti sem selt er í Keflavík til þess að niðurgreiða flutning á því sem notað er á Akureyri og Egilsstöðum. Aðrar leiðir eru færar og til ákvörðunar fyrir þar til gerð yfirvöld. Þetta á ekki að þurfa að taka langan tíma - bara spurning um að drífa í þessu.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Flugþróunarsjóður Íslands væri rétti aðilinn til þess.

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Söluaðilar eldsneytis, Flugþróunarsjóður Íslands, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Isavia

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Árangurinn er áþreifanlegur þegar eldsneytisverð er orðið jafnt á öllum alþjóðaflugvöllum landsins. Afleiddur árangur ætti svo að vera sterkari samkeppnisstaða flugvallanna á Akureyri og Egilsstöðum og aukið millilandaflug þar í framtíðinni.

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

28. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Arctic University á Vestfjörðum

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Háskóli sem verður settur upp í gömlum skólahúsum að Núpi í Dýrafirði sem einbeitir sér að kennslu og rannsóknum á málefnum norðurslóða

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Samræmir rannsóknir á norðurslóðum. Byggir upp þekkingu á málefnum norðurslóða. Eflir nýsköpun á norðurslóðum.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Fýsileikakönnun lokið 03/17. Viðskiptaáætlun lokið 09/17. Skólahúsin fengið til afnota hjá ríkinu 12/17. Innleiðingu lokið 12/18. Rannsóknir og kennsla hefjast 09/19.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Ólafur Sigurðsson, MSc in International Marketing & Management vinnur fýsileikakönnun. Síðan leitað að réttum aðila til að leiða.

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Háskólar landsins, stofnanir um rannsóknir á Norðurslóðum bæði innanlands og erlendis.

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Fjöldi viðurkenndra sérfræðinga sem vilja starfa að þessu verkefni. Fjöldi og upphæðir styrkja sem fást frá alþjóðasamfélaginu. Fjöldi útgefinna greina í viðurkennd tímari. Fjöldi nemenda sem sækja um skólann.

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

Fjöldi gagna eru til um vandamál norðurslóða, loftlagsvandamál bera þar hæst. Skortur á samhæfingu á rannsóknum íslendinga er viðurkennd í háskólum landsins og af sérfræðingum sem starfa við greinina eða álitsgjöfum.

29. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Tekjustofn sveitarfélaga

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Jafna tækifæri allra landsmanna að atvinnu og þjónustu

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Að endurskilgreina tekjustofnana gefur sveitarfélögum tækifæri á að verða samkeppnishæf um íbúa ásamt því að halda úti lögbundinni þjónustu en þau geta það alls ekki öll í dag miðað við tekjustofna.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

1. 2016- greining á vandamálinu. Gæti legið fyrir.
2. 2017 - laga tekjustofna sem snúa að grunnmenntun og öldruðum
3. 2017- setja inn tekjustofn sem tengist ferðamennsku í sveitarfélaginu

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Samband sveitarfélaga í samvinnu við Byggingastofnun og innanríkisráðuneyti.

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Landshlutasamtök

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Eru tekjustofnar að standa undir lögbundinni þjónustu eftir árið 2017?
Eru sveitarfélögin komin með einhverjar tekjur af ferðamönnum árið 2018?

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

Það er vel þekkt að sveitarfélög hafa núna í mörg ár verið að eiga við ríki varðandi dvalar/hjúkrunarrými varðandi aldraða og vegna hártogana um skilgreiningu fá sveitarfélög aldrei nægjanlegt fjármagn. Dreifð stýring fjármuna er þekkt stærð og ætti í flestum tilfellum að leiða til betri stýringar á viðkomandi stað þar sem þekkingin er til staðar.

30. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Forsendur svæða sem uppfylla ekki markaðsskilyrðu

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Sértækar aðgerðir á varnarsvæðum

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Gera svæði samkeppnishæfari og vænlegri til búsetu.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

1. Skilgreina svæði sem uppfylla ekki markaðskröfur. Skilgreina viðmið, hvenær er svæði byrjað að uppfylla markaðskröfur?
2. Skilgreina grunnþjónustu og sjá til þess að henni sé mætt á þeim svæðum af ríkinu. T.d. rafmagn, ljósleiðari og vegir. Ekki treysta einkaaðilum til að sjá um þessi svæði eða neyða lítil svæði til að vinna alla þessa vinnu sjálf og koma út skuldugri en þau voru.
3. Endurskilgreina ramma Íbúðalánasjóðs út frá þessum svæðum. Finna fjölbreyttari og sveigjanlegri leiðir til að vinna með íbúum varðandi húsnæði þar sem á þessum svæðum er gríðarleg vörn og erfitt að fá einstaklinga til að fjárfest.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Byggðastofnun

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Ráðgjafar á sviði skilgreininga og viðmiða með þekkingu á markaðslegum forsendum.

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Er grunnþjónusta uppfyllt frá ríkinu á svæðum í vörn?

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

Við vinnslu á verkefninu Brothættar byggðir erum við sífellt að reka okkur á vegg þar sem litlum svæðum er ætlað að hafa bolmagn líkt og stór svæði þar sem markaður getur þrífist.

Lítill svæði eru okkur gríðarlega mikilvæg í uppbyggingu á ferðaþjónustu og ef við töpum niður allri búsetu víðsvegar um landið þá er miklu erfiðara að nýta það landssvæði undir ferðaþjónustu.

1. Við reukum okkur á að við erum sett undir sama hatt í reglum og stór svæði hvað varðar húsnæði. ÍLS hefur reynt að komast til móts við okkur en er þröngur stakkur sniðinn í reglum.
2. Við úthlutun fjármuna í ljósleiðara voru lítil sveitarfélög að leggjast í miklu vinnu við að kynna sér hlutina, fara í útboð, borga ráðgjöfum og taka lán til að fá frá ríkinu lítinn pening á móti til að leggja ljósleiðara. Í staðinn fyrir að nota allan peninginn til að gera heildstæða framkvæmd byggða á stærðarhagkvæmni og þannig standa við loforð um að tengja alla staði með 50 íbúum eða fleiri.
3. Af hverju erum við ekki öll með þriggja fasa rafmagn? Ég bara spyr, skil ekki enn að það sé ekki alls staðar.
4. Neyðarsendingar RÚV ná ekki til allra og detta iðulega út. Svör frá RÚV eru að forgangsraða peningum öðruvísi. Það stenst ekki skoðun enda ætti þeirra forgangsmál að vera að neyðarsendingar nái til allra landsmanna.

31. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Efning upplýsingalæsis

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaaætlunar leiðir tillagan?

Tillagan leiðir að jöfnun tækifæra til þjónustu og til aukinna lífskjara alls staðar á landinu.

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Markmiðið með því að efla upplýsingalæsi er að gefa öllum landsmönnum jafna möguleika á að nýta sér þjónustu hins opinbera og einkaaðila, sem færast í síauknum mæli í rafrænt form. Rannsóknir sýna að sumir hópar eiga erfiðara með að nýta sér þjónustu sem krefst upplýsingalæsis, svo sem eldri borgarar og innflytjendur og hefur það neikvæð áhrif á lífsgæði þeirra. Sveitarfélögum ber skylda samkvæmt lögum (bókasafnalög, nr. 150/2012) til að reka almenningsbókasöfn, með því að efla starfsemi þeirra, ráða faglærða upplýsingafræðinga til starfa og/eða styrkja ófaglært starfsfólk er hægt

að vinna markvisst að auknu upplýsingalæsi þeirra sem þess þurfa. Betra upplýsingalæsi eykur lífsgæði fólks og möguleika þeirra á ýmsum sviðum.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Í bókasafnalögum frá 2012 er kveðið á um að bókasafnasjóður skuli starfræktur. Hlutverk hans er samkvæmt lögnum að „efla starfsemi þeirra bókasafna sem falla undir lögin. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreindar rannsóknir og þróunar- og samstarfsverkefni á sviði bókasafna- og upplýsingamála. Tekjur bókasafnasjóðs eru framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum og önnur framlög“. Þessi lögbundni sjóður hefur aldrei fengið krónu af fjárlögum og ekki tekið til starfa. Fyrsti verkþáttur væri að koma sjóðnum í gagnið svo bókasöfn landsins geti átt möguleika á fjármagni í samstarf um þróunarverkefni á sviði upplýsingalæsis.

Mörg bókasöfn landsins eru lítil og ekki með faglærða upplýsingafræðinga í starfi. Mikilvægt er að gefa ófaglærðu starfsfólki möguleika á að efla sig í starfi og geta í framhaldinu veitt þá þjónustu sem hér er um rætt.

Verkbættir:

- 1) Bókasafnasjóður fjármagnaður og hægt að sækja um í hann - 2017
- 2) Úttekt á stöðu þekkingar hjá starfsfólki almenningsbókasafna um landið - 2017
- 3) Ófaglærðu starfsfólki boðið upp á fræðslu og samstarfsverkefni bókasafna startað – 2017/2018
- 4) Árangur verkefnis metinn - 2019

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Sveitarfélög landsins, Háskóli Íslands (námsbraut í upplýsingafræði, Endurmenntun H.Í.), Upplýsing – félag bókasafns- og upplýsingafræðinga.

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Árangur er hægt að mæla með könnunum meðal starfsfólks bókasafna og helstu hagsmunahópa áður en verkefnið hefst og að ákveðnum tíma liðnum.

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

Töluvert er til af rannsóknum og öðrum gögnum sem styðja tillöguna. Sem dæmi má nefna rannsókn á upplýsingalæsi eldri borgara og rannsóknir á þjónustu almenningsbókasafna við innflytjendur.

32. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Háskólanám í dreifbýli

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaaætlunar leiðir tillagan?

Að stuðla aðsjálfbærum samfélögum og jafna aðgengi landsmann að menntunarþjónustu

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Auka fjölbreytni menntunarmöguleika og bæta aðstöðu til háskólanáms

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Setja af stað vinnu með háskólunum, ekki síst Háskóla Íslands til að gera áætlun um hvering auka meigi framboð af fjar/ og dreifnámi frá háskólunum, kenna námshópum utan Reykjavíkur eða leita annarra leiða til að þjóna betur fólki um allt land, ungu fólki og fólki sem vill/þarf endur- og símenntun.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Menntamálaráðuneytið

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

háskólar, menntamiðstöðvar um landið og Byggðastofnun

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Langtímaáhrif verða aukin menntun

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

33. tillaga

1. Titill/yfirskrift tillögunnar

Innanlandsflug sem almenningsamgöngur

5. Að hvaða meginmarkmiði byggðaáætlunar leiðir tillagan?

Að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna líf skjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt.

6. Lýsið markmiðum eða áætluðum ávinningi í 1-3 setningum

Aðalmarkmið tillögunnar er að stuðla að aukinni félagslegri aðild hinna dreifbýlu svæða Íslands í samfélagi höfuðborgarinnar. Þetta er gert með því að lækka kostnað við nýtingu á flugi til ferðalaga á milli hinna dreifbýlu svæða (landsbyggðarinnar) og lykil efnahags- og stjórnsýslusvæðis Íslands, Reykjavík.

Tillagan mun leiða til ávinnings sem felst í auknum hagvexti á dreifbýlum svæðum vegna úrbóta á aðgengi sem skilar sér í jákvæðari þróun byggðar á Íslandi. Tillagan stuðlar að "grænni" ferðamáta því m.t.t. kolefnisfóstsþora pr. farþega þá er flug hagkvæmara en akstur bifreiða. Einnig myndi þetta minnka slyshættu og færa umferð af vegakerfinu.

7. Lýsið helstu verkþáttum tillögunnar, tímabili og áfangaskiptum

Settur verði á fót sjóður sem greiði niður flugfargjöld íbúa á landsbyggðinni um 50%. Flugfélögin breyta engu í sínu umhverfi nema að helming greiðslunnar fyrir miðann rukka þau til sjóðsins eftir að hafa staðfest t.d. með IS lykli að viðkomandi sé búsettur og eigi lögheimili á landsbyggðinni og þar með rétt á niðurgreiðslu. Eftirlitsstofnun verði falið að hafa eftirlit með verðþróun í innanlandsflugi (t.d. samkeppniseftirlit) til að koma í veg fyrir verðbólgu hjá flugfélögunum sem eru bæði einokunarfyrirtæki á sínum flugleiðum.

8. Nefnið hver gæti leitt og borið ábyrgð á innleiðingu eða framkvæmd tillögunnar

Innanríkisráðuneytið

9. Nefnið eftirsóknarverða og líklega samstarfsaðila

Byggðastofnun, Samkeppniseftirlitið og Þjóðskrá Íslands

10. Lýsið hvernig má mæla árangur af verkefninu

Fjölgun farþega í innanlandsflugi sem og rannsókn á breyttri ferðahegðun eftir 2 ár í rekstri sjóðsins.

11. Nefnið upplýsingar, gögn eða rannsóknir sem styðja tillöguna

Ýmsar útfærslur má hugsa sér en góð reynsla er af kerfi í Skotlandi sem ber heitið ADS (Air Discount scheme). Mikið af upplýsingum er til um hvernig kerfið er sett upp þar en reynslan af því er góð og hefur verið framlengt allar götur síðan árið 2006.